

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um húsnæðismál félagsmiðstöðva og frístundaheimila

Á 168. fundi skóla- og frístundaráðs, 10. september 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir því að skýrsla sem átti að skila í nóvember 2017 um húsnæðismál tengd reglum um félagsmiðstöðvar og frístundaheimili verði kláruð og niðurstöður kynntar ráðinu. Mikilvægt er þó að ráðsmönnum sé strax á næsta fundi kynnt hvar verkefnið er statt.

Svar:

Á árunum 2020-2021 fóru fram ástandsúttektir á öllu skóla- og frístundahúsnæði m.a. aðstöðu félagsmiðstöðva og frístundaheimila Reykjavíkurborgar í þeim tilgangi að byggja upp heildstæðan gagnagrunn um ástand og til að meta viðhaldsþörf. Á þessari úttekt byggja áform um skipulagt átak í viðhaldi bygginganna til að koma þeim í æskilegt horf með tilliti til aldurs og þeirrar starfsemi sem í þeim er. Nær það jafnt yfir reglulegt viðhald eins og málun og dúklagningu sem og til endurnýjunar á gluggum, þökum, tæknikerfum o.fl. Í um fjórðungi bygginganna liggur fyrir að ráðast þarf í breytingar og endurnýjun á húsnæði. Þær framkvæmdir sem og áform um viðbyggingar og framkvæmdir í eldri hlutum bygginga vegna viðbygginga eru ekki hluti af viðhaldsátakinu.

Á fundi borgarráðs 4. nóvember 2021 og fundi skóla- og frístundaráðs 9. nóvember 2021 var [ástandsúttekt](#) á húsnæði leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs kynnt og lögð fram. Einnig var lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík til borgarráðs, dags. 3. nóvember 2021, um [viðhaldsáttak](#) á húsnæði leikskóla, grunnskóla og frístundar.

Á fundi borgarráðs var tillaga borgarstjóra samþykkt um að ráðist verði í myndarlegt átak til að hraða og auka viðhaldsframkvæmdir á skóla- og frístundahúsnæði í borginni. Undanfarin 4-5 ár hefur fjármagn til viðhalds markvisst verið aukið, nánar tiltekið þrefaldað frá árinu 2017. Varið verður til átaksins 25-30 milljörðum á næstu 5-7 árum eða 4-5 milljörðum króna á hverju ári. Þessar upphæðir ná aðeins til viðhalds, ekki til nýrra viðbygginga eða nýrra skólabygginga, sem einnig verður ráðist í.

Skipa á starfshóp með fulltrúum umhverfis- og skipulagssviðs, skóla og frístundasviðs og eignaskrifstofu sem heldur utan um viðhaldsátakið til að tryggja aðkomu hagaðila, framvindu og upplýsingagjöf. Starfshópurinn mun forgangsraða verkefnum þannig að öryggi notenda sé

númer eitt, heilnæmt umhverfi númer tvö, þ.m.t. innivist, raki, mygla og hljóðvist, bætt aðgengi komi þar næst, fyrirbyggjandi aðgerðir svo og hagkvæm nýting fjármuna. Við forgangsörðun verður einnig tekið tillit til sjónarmiða stjórnenda, fulltrúa notenda og áhrifa á starfsemi á hverjum stað. Verklag og efnisnotkun skal taka mið af stefnu borgarinnar og í umhverfismálum, Græna planinu auk nýrrar [stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf](#) sem liggur fyrir í drögum.